



AÐALFUNDUR

Haldinn 26. apríl 2012

Ársskýrsla

Efnisyfirlit

Dagskrá aðalfundar	2
Stjórn FNS	2
Stjórnarfundir	3
Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári.....	3
1. Dagur náms- og starfsráðgjafar	4
2. Sí- og endurmenntun félagsmanna	4
3. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar	4
4. Greinargerðir fagráða.....	6
Fagráð grunnskóla:	6
Fagráð framhaldsskóla:	6
Fagráð háskóla:.....	7
Fagráð atvinnulífsins:	7
5. Frá siðanefnd.....	7
6. Kjara- og hagsmunamál	8
Frá kjara- og hagsmunanefnd grunnskóla:.....	8
Frá kjara- og hagsmunanefnd framhaldsskóla:	8
Frá kjara- og hagsmunanefnd háskóla:	8
Frá kjara- og hagsmunanefnd atvinnulífsins:	8
Kjara- og hagsmunamál vegna starfsþjálfunar nema frá HÍ:	8
Vefsíða FNS.....	9
Félagatal og félagsaðild FNS.....	9
Fjárreiður og félagsgjöld FNS.....	9
Styrkir til FNS	9
Norrænt samstarf.....	10
Umsagnir	10
Beiðnir Mennta- og menningarmálaráðneytisins varðandi umsagnir:	10
Beiðnir alþingis um umsagnir um frumvörp til laga:	10
Önnur verkefni	10
Samstarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar	10
Lokaorð.....	11

Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa

Lögð fram á aðalfundi 26. apríl 2012.

Dagskrá aðalfundar er skv. 8. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningar félagsins.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.
4. Nefndastörf.
5. Umræður og afgreiðsla mála.
6. Kosning stjórnar, varastjórnar og fræðslunefndar.
7. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara.
8. Önnur mál.

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa var haldinn í Mími símenntun, Öldugötu 23, 29. apríl 2011. Björg Kristjánsdóttir, Menntaskólanum v/Hamrahlíð, gaf kost á sér áfram til formennsku fyrir félagið. Marín Björk Jónasdóttir, Háskólanum á Bifröst, var áfram kosin varaformaður. Svanhildur Svavarsdóttir, Lágafellsskóla, var áfram kosin gjaldkeri. Þórdís Þórisdóttir, Menntaskólanum í Kópavogi, var kjörin nýr ritari. Ásthildur Guðlaugsdóttir, Kársnesskóla, var kjörin nýr meðstjórnandi. Guðrún S. Helgadóttir, Menntaskólanum í Kópavogi, gaf áfram kost á sér í varastjórn og Ólöf Helga Þór, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, var kjörin ný í varastjórn.

Stjórn FNS var þannig skipuð síðastliðið starfsár:

Björg Kristjánsdóttir, Menntaskólanum v/Hamrahlíð, formaður
Marín Björk Jónasdóttir, Háskólanum á Bifröst, varaformaður

Þórdís Þórisdóttir, Menntaskólanum í Kópavogi, ritari
Svanhildur Svavarsdóttir, Lágafellsskóla, gjaldkeri
Ásthildur Guðlaugsdóttir, Kársnesskóla, meðstjórnandi

Guðrún S. Helgadóttir, Menntaskólanum í Kópavogi, varastjórn
Ólöf Helga Þór, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, varastjórn.

Erna Guðbjörg Árnadóttir, IÐUNNI fræðslusetri, Guðrún Erla Ingvadóttir, Fellaskóla og Bjarkey Gunnarsdóttir, Fjallaskóla, gáfu áfram kost á sér í fræðslunefnd. Hrönn Baldursdóttir, Fjölbrautaskólanum v/Ármúla, og Kristín Birna Jónasdóttir, Endurmenntun, tóku nýjar sæti í nefndinni.

Úr stjórn gengu Edda Jóhannesdóttir ritari, IÐUNNI fræðslusetri, Fríður Reynisdóttir meðstjórnandi, Borgaskóla og Ólafur Haraldsson, Fjölbrautaskóla Vesturlands, Akranesi. Úr fræðslunefnd gengu Sigrún García Thorarensen, Rimaskóla og Berglind S. Heiðarsdóttir, Austurbæjarskóla. Eru þeim færðar hugheilar þakkir fyrir að taka að sér forystuhlutverk fyrir FNS og vinna ötult og óeigingjarnt starf í þágu félagsins og fagstéttarinnar.

Stjórnarfundir

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skipti hún með sér verkum á eftirfarandi hátt: Marín Björk Jónasdóttir, varaformaður, Ásthildur Guðlaugsdóttir, meðstjórnandi, Svanhildur Svavarsdóttir, gjaldkeri og Þórdís Þórisdóttir, ritari. Guðrún S. Helgadóttir og Ólöf Helga Þór í varastjórn. Ólafur Haraldsson, Fjölbrotaskóla Vesturlands, tók áfram að sér að halda utan um félagatal FNS í samstarfi við gjaldkera og að hafa umsjón með heimasíðu félagsins.

Stjórnin hélt 10 stjórnarfundum á liðnu starfsári auk þess sem meðlimir stjórnar og fræðslunefndar funduðu þess á milli um ýmis aðkallandi verkefni. Fræðslunefnd og varastjórn voru boðaðar á alla stjórnarfundum. Stjórn, varastjórn og fræðslunefnd notuðu rafræna miðla til að koma upplýsingum sín á milli.

Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári

- Dagur náms- og starfsráðgjafar
- Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar
- Kjara- og hagsmunamál
- Fagráð
- Heimasíða FNS
- Félagatal og félagsaðild FNS
- Fjárreiður og félagsgjöld FNS
- Styrkir til FNS
- Umsagnir um námsefni
- Beiðnir Alþingis um umsagnir um frumvörp til laga
- Önnur mál

Félagsmenn FNS hafa tekið þátt í ýmsum nefndum og starfshópum fyrir hönd félagsins. Það er ljóst að það skiptir afar miklu máli að FNS eigi fulltrúa í neðangreindum nefndum. Með því er hægt að tryggja að rödd fagstéttarinnar heyrir og að hagsmunum félagsmanna og ráðþega þeirra sé komið á framfæri. Eftirfarandi félagsmönnum eru færðar þakkir fyrir þeirra störf:

1. Anna G. Hugadóttir, FG, og Guðrún S. Helgadóttir, MK, í kjaranefnd FF.
2. Sigríður Bílddal, Holtaskóla, og Helga Helgadóttir, Hraunvallaskóla, í kjaranefnd FG.
3. Elín Kristjánsdóttir, Landbúnaðarháskólanum, í kjaranefnd háskóla.
4. Guðrún Stella Gissurardóttir, Vinnumálastofnun Vestfjarða, og Elfa Dögg Finnbogadóttir, Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðisins, í kjaranefnd atvinnulífsins.
5. Toby S. Herman, MR og Háskólanum á Bifröst, í sjúkrasjóði KÍ.
6. Björg Kristjánsdóttir, MH, Edda Björk Viðarsdóttir, Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðisins, Helga Valtýsdóttir, Flensborg, og Þórdís Guðmundsdóttir, Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðisins, í siðanefnd.
7. Ásta Bára Jónsdóttir, Flataskóla, Svanhildur Svavarsdóttir, Lágafellsskóla, og Þórey Þórarinsdóttir, Hlíðaskóla, í fagráði grunnskóla.
8. Ásdís Birgisdóttir, Verkmenntaskólanum á Akureyri, Sigurjóna Jónsdóttir, Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins, og Þórdís Þórisdóttir, MK, í fagráði framhaldsskóla.
9. Lóa Hrönn Harðardóttir, Háskólanum í Reykjavík, Marín Björk Jónasdóttir, Háskólanum á Bifröst, og Sólveig Hrafnisdóttir, Háskólanum á Akureyri, í fagráði háskóla.

10. Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Mími símenntun, Karen Björnsdóttir, BSRB/VIRK, Erla María Gísladóttir, Mími símenntun og Lilja Þorkeldsdóttir, Þjónustumiðstöð Laugardals/Háaleiti, í fagraði atvinnulífsins.
11. Ólafur Haraldsson, FVA, fulltrúi FNS í starfshópi Euroguidance (Evrópumiðstöð náms- og starfsráðgjafar) og fulltrúi FNS í starfshópi um Europass (staðlaða menntunar- og starfshæfnimöppu).
12. Sigríður Birna Bragadóttir, MH, í samstarfshópi um heilsueflingu og forvarnir í framhaldsskólum á vegum Lýðheilsustöðvar (HOFF).
13. Ólöf Helga Þór, FB, fulltrúi FNS í norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa.
14. Björg Kristjánsdóttir, MH og formaður FNS, í samstarfshópi um evrópskt net náms- og starfsráðgjafar (ELGPN) á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Meginviðfangsefni stjórnar FNS og það sem hæst bar á liðnu starfsári.

1. Dagur náms- og starfsráðgjafar

Dagur náms- og starfsráðgjafar var haldinn 20. október 2011 í sal Nauthóls við Nauthólsvík. Við fengum til okkar þrjá fyrirlesara. Hildur Jónsdóttir sálfræðingur og Sólveig Kristjánsdóttir sálfræðingur og jógakennari kynntu gjörhygli – að lifa í núinu, gerðu hugleiðsluæfingar ásamt því að ræða um árangur af gjörhygli varðandi heilastarfsemi. Kynntu þær hvernig hægt er að nýta sér gjörhyglina í daglegu lífi. Árelía Eydís Guðmundsdóttir dósent við viðskiptafræðideild HÍ flutti líflegan og áhugaverðan fyrirlestur um efni bókar sinnar: *Á réttri hillu, leiðin til meiri hamingju í lífi og starfi*.

Stjórn FNS og fræðslunefnd unnu að undirbúningi þessa dags en markmiðið með degi náms- og starfsráðgjafar er að náms- og starfsráðgjafar hvar á landinu sem þeir starfa geti komið og notið samvista við hver annan einn dag á ári auk þess að hlusta á fræðandi erindi. Annað markmið þessa dags er að vekja athygli landsmanna á þeirri þjónustu sem náms- og starfsráðgjafar veita.

2. Sí- og endurmenntun félagsmanna

Ýmis tækifæri hafa boðist Félagi náms- og starfsráðgjafa auk fræðslufunda til að auka sí- og endurmenntun félagsmanna. Eins og segir í lögum FNS er það eitt af meginhlutverkum félagsins að stuðla að endurmenntun félagsmanna. Það er mikilvægt fyrir hvern og einn félagsmann að vera vakandi fyrir sí- og endurmenntunarþörf sinni, miðla þekkingu og færni og stuðla þannig að eflingu fagvitundar og fagmennsku innan fagstéttarinnar. 2. mars 2012 gerðu Endurmenntun Háskóla Íslands annars vegar og Félag náms- og starfsráðgjafa hins vegar með sér samning um símenntun fyrir náms- og starfsráðgjafa. Þarfagreining hefur verið send út til félagsmanna og á grundvelli hennar verður ákveðið hvort haldið verður vörnámsskeið í Endurmenntun Háskóla Íslands.

3. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar

Fræðsludagskrá FNS 2011 – 2012

27. september: Uppskeruhátíð meistaranema í náms- og starfsráðgjöf

Hin árlega uppskeruhátíð meistaranema er samstarfsverkefni námsbrautar í náms- og starfsráðgjöf, félags- og mannvísindadeildar HÍ og Félags náms- og starfsráðgjafa. Hátíðin var að þessu sinni haldin á Háskólatorgi og send út með fjarfundabúnaði. Á dagskránni voru sjö erindi meistaranema sem fjölluðu um ráðgjöf við fólk á náms- og starfsferlinum, allt frá leikskólaaldri til fullorðinsára. Erindin voru annars vegar um að feta sig eftir náms- og starfsferli og hins vegar um að yfirstíga hindranir.

Tilgangurinn með slíkri uppskeruhátíð er að gefa meistaranemum tækifæri til að kynna niðurstöður rannsókna sinna og lokaverkefni og tilvalið fyrir starfandi náms- og starfsráðgjafa að fræðast um nýjustu rannsóknir í faginu. Góð þátttaka náms- og starfsráðgjafa var á uppskeruhátíðinni.

20. október: Dagur náms- og starfsráðgjafar

Venju samkvæmt var dagur náms- og starfsráðgjafar haldinn hátíðlegur 20. október með námsstefnu og hófst með morgunkaffi kl. 9. Björg Kristjánsdóttir formaður Félags náms- og starfsráðgjafa setti ráðstefnuna sem haldin var í salnum Sjónarhóli á veitingastaðnum Nauthóli í Reykjavík. Námsstefnan var einnig send út í fjarfundabúnaði fyrir félagi á landsbyggðinni.

Hildur Jónsdóttir sálfræðingur og Sólveig Kristjánsdóttir sálfræðingur og jógakennari kynntu gjörhygli – að lifa í núinu, gerðu hugleiðsluæfingar ásamt því að ræða um árangur af gjörhygli varðandi heilastarfsemi. Kynntu þær hvernig hægt er að nýta sér gjörhyglina í daglegu lífi. Árelía Eydís Guðmundsdóttir dósent við viðskiptafræðideild HÍ flutti líflegan og áhugaverðan fyrirlestur. Árelía hefur gefið út nokkrar bækur og fjallaði hún um efni bókar sinnar: *Á réttri hillu, leiðin til meiri hamingju í lífi og starfi*.

Veitt var sérstök viðurkenning fyrir störf í þágu náms- og starfsráðgjafar og hafði áður verið óskað eftir skriflegum tilnefningum frá félagsmönnum. Ingveldur Sveinbjörnsdóttir náms- og starfsráðgjafi í Kvennaskólanum í Reykjavík hlaut viðurkenninguna. Ingveldur hefur verið ötull félagsmaður frá því að hún útskrifaðist sem náms- og starfsráðgjafi frá Háskóla Íslands. Hún hefur beitt sér fyrir eflingu náms- og starfsfræðslu á framhaldsskólastigi og náð þeim árangri að í kjarna skólanámskrár Kvennaskólans í Reykjavík er áfangi í lífsleikni tileinkaður náms- og starfsfræðslu. Hún kenndi einnig náms- og starfsfræðslu við námsbrautina í náms- og starfsráðgjöf í þónokkur ár. Hún skipulagði og hafði umsjón með afar áhugaverðu vettvangsnámi fyrir náms- og starfsráðgjafa bæði á framhaldsskólastigi og grunnskólastigi sem mjög margir félagsmenn sóttu. Hún sat einnig í nefnd fyrir hönd félagsins um endurskoðun á starfsþjálfun í meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf.

Almenn ánægja var með fyrirlestrana á degi náms- og starfsráðgjafar en þeir voru bæði gagnlegir og áhugaverðir. Stuttur útdráttur er á heimasíðu FNS. Dagurinn var bæði bjartur og fallegur og fóru félagsmenn heim eftir að hafa nært líkama, sál og anda.

10. nóvember: Umræðufundur um fyrirkomulag kynninga á námsframboði í framhaldsskólum fyrir grunnskólanema

Yfirskrift fundarins, sem haldinn var í Fjölbautaskólanum við Ármúla, var: Hvernig er best að kynna námsframboð í framhaldsskólunum fyrir nemendum í 10. bekk og foreldrum þeirra? Rætt var um framhaldsskólakynningar og hvað mætti bæta í kynningarmálum. Nokkrir náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum sögðu frá reynslu sinni áður en almennar umræður hófust og einnig komu náms- og starfsráðgjafarnir Krístrún Birgisdóttir og Elín Thorarensen frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þessi fundur var einkar vel sóttur og greinilegt að félagsmenn hafa mikinn áhuga á að ræða þessi mál og finna hvaða leiðir best er að fara til að kynna námsframboð fyrir nemendum. Finna má fundargerð á heimasíðu FNS.

8. desember: Jólafundur

Jólafundurinn var haldinn í kennsluhúsnæði Mímis-símenntunar við Öldugötu 23 í Reykjavík og áttu félagsmenn notalega stund með upplestri, söng og spjalli og voru léttar veitingar í boði félagsins. Hallgrímur Helgason rithöfundur kom og las úr nýrri bók sinni *Konan við 1000 gráður* og nokkrar ungar stúlkur úr Skólakór Kársness sungu falleg jólalög undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur.

Í febrúar og mars: Samráðsfundir náms- og starfsráðgjafa í umsjón fagráða FNS

Haldnir voru fjórir aðskildir fundir fyrir náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum, framhaldsskólum, háskólum og atvinnulífi þar sem hagsmunamál og fagleg málefni voru til umræðu. Sjá má punkta frá þessum fundum í ársskýrslunni.

20. mars: Fræðsluerindi um raunfærnimat og námsleiðir Fræðslumiðstöðvar Atvinnulífsins (FA)

Heimsókn til FA þar sem fjallað var um feril raunfærnimats í ýmsum greinum og hvernig það hefur þróast frá því það kom fyrst til sögunnar. Einnig voru kynntar námskrár sem FA hefur gefið út og eru vottaðar af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Símenntunarmiðstöðvar sjá um að kenna samkvæmt námskránum og má meta þær til styttingar náms í framhaldsskóla.

16. apríl: Heimsókn og kynning á Vinnumálastofnun.

Hrafnhildur Tómasdóttir og Þórdís Guðmundsdóttir tóku á móti félagsmönnum og kynntu starfsemi Vinnumálastofnunarinnar. Átak Vinnumálastofnunar gegn atvinnuleysi hefur birst í ýmsum myndum. Ungt fólk til athafna, UFTA, beindi sjónum að ungum atvinnuleitendum á aldrinum 16-25 ára. Árangurinn af UFTA-verkefninu er sá að búið er að virkja 90% af hópi atvinnuleitenda sem voru rúmlega 3000 þegar átakið var sett af stað. UFTA-verkefnið hefur nú bætt við sig hópnum á aldrinum 25-29 ára. 1. ágúst síðastliðinn hleypti Vinnumálastofnun af stað sérstöku átaki gegn afleiðingum langtímaatvinnuleysis undir yfirskriftinni ÞOR, þekking og reynsla. Mun ÞOR-verkefnið sinna hópnum frá 29 til 70 ára. VINNANDI VEGUR er annað átak og byggir á samvinnu samtaka atvinnurekenda, sveitarfélaga, stéttarfélaga og ríkisins og er ávinningur allra hafður að leiðarljósi. Þetta átak beinir sjónum sérstaklega að einstaklingum sem hafa verið án vinnu lengur en 12 mánuði. NÁM ER VINNANDI VEGUR er átak þar sem öllum umsækjendum um nám í framhaldsskóla að 25 ára aldri sem uppfylla skilyrði var tryggð skólavist haustið 2011. Einnig voru sköpuð ný námstækifæri fyrir allt að 1000 atvinnuleitendur haustið 2011 og næstu tvö skólaár þar á eftir. Átakið byggist á stefnumörkun sóknaráætlunarinnar Ísland 20/20 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag.

Frá Norðurlandi:

Jólafundur var haldinn þar sem félagsmenn komu saman og deildu reynslu sinni. Fundur verður haldinn í maí þar sem kynnt verður meistaraverkefni Margrétar Bjarkar Árnadóttur „Svona finnst mér best að læra“. Einnig verður lagt til að fleiri fundir verði haldnir á haustönn og að félagsmenn komi með ábendingu um umræðuefni.

4. Greinargerðir fagráða

Fagráð grunnskóla:

Fagráð grunnskólaráðgjafa hélt fund í Flataskóla í Garðabæ miðvikudaginn 14. mars. Helga Helgadóttur kynnti námsefni sitt „Stefnan sett“ sem kom út síðastliðið haust. Hún sagði frá tilurð efnisins og hvernig það væri hugsað í notkun. Þótti framsetning hjá Helgu mjög gagnleg og góð. Í lok fundar var svo gott kaffisþjall sem fundarmönnum fannst afar notalegt.

Fagráð framhaldsskóla:

Miðvikudaginn 7. mars var haldin fagráðsfundur hjá náms- og starfsráðgjöfum í framhaldsskólum. Fundurinn var haldinn í Menntaskólanum í Kópavogi. Í byrjun fundar var frjáls tími til að fjalla um það sem hverjum og einum var efst í huga. Þar kom í ljós að kjaramál brenna á fólki. Ákveðið var að efna fljótlega til fundar varðandi þau mál.

Síðan flutti Kristjana Stella Blöndal, lektor við námsbraut í náms- og starfsráðgjöf, erindi. Fjallaði erindi Kristjönu um framhaldsskóla fyrir alla, náms- og starfsráðgjöf fyrir alla. Kristjana Stella fjallaði

m.a. um lagaumhverfið en stefna stjórnvalda í menntamálum er að minnka brottfall. Einnig var því velt upp hvað væri sérstakt við brottfall á Íslandi. Kristjana Stella talaði um skuldbindingu nemenda (students engagement). Einnig voru umræður um átakið „Nám er vinnandi vegur“ og árangur þess.

Fagráð háskóla:

Fundur var haldinn hjá Stúdentapjónustu Háskólans í Reykjavík 15. mars. Hann hófst á umræðu um kjaramál á háskólastigi og var Elín frá LBHÍ með innlegg um þau mál. Félagsmenn eru í mismunandi stéttarfélögum og því urðu ýmsar vangaveltur um hvernig hægt væri að standa saman í að beita þrýstingi varðandi launamál. Í kjölfar umræðna um að ráðgjafar á háskólastigi væru yfir höfuð með of lág laun og hefðu dregist aftur úr ráðgjöfum á öðrum skólastigum var ákveðið að Elín frá LBHÍ, Marín frá Bifröst og Halldóra Lóa frá Hólum myndu kynna sér þessi mál nánar og finna leiðir til að færa rök fyrir því að laun náms- og starfsráðgjafa á háskólastigi yrðu endurskoðuð. Einnig var rætt um hvað þyrfti til að Félag náms- og starfsráðgjafa yrði fullgilt stéttarfélag þannig að það gæti m.a. haldið utan um launamál fyrir náms- og starfsráðgjafa. Að ráðgjafar séu í mörgum stéttarfélögum er ekki heppileg staða til að knýja á um betri laun. Þá var rætt um skráningamál og hvernig staðið er að þeim í háskólunum. Ekki voru allir sammála um hversu miklar upplýsingar á að skrá og urðu umræðurnar mjög athyglisverðar. Aðeins var rætt um starfsþjálfun nemenda, það að taka nema og greiðslur fyrir það. Þótti það sjálfsagt að greiðslur fyrir að vera með nema færu beint til ráðgjafanna, en ekki til stofnunarinnar eins og verið hefur í einhverjum tilfellum. Sigríður Hulda frá HR kynnti það sem verið er að gera í HR, m.a. bókamerki, þýðingu á Watch bókinni yfir á dönsku og kynnti H-Clex. Þá kynnti Gréta frá HR hvernig atvinnuþjónusta HR virkar. Það er alltaf gaman að hittast, kynnast þeim sem eru að koma nýir inn, ræða um starfið og hvernig við viljum sinna því.

Fagráð atvinnulífsins:

Fagráðið hélt fund 14. mars 2012 í húsnæði Námsflokka Reykjavíkur. Tólf félagsmenn voru mættir að fagráðinu meðtöldu. Iðunn Antonisdóttir kynnti starfsemi Námsflokka og sýndi fundarmönnum húsnæðið sem þau eru nýlega flutt í. Að kynningu lokinni voru umræður þar sem meðal annars var rætt um að styrkja tengsl þeirra sem starfa í atvinnulífinu og gera þá sem þar starfa sýnilegri í félaginu. Fundarmönnum þótti mun meiri áhersla hafa verið lögð á starfið í skólum. Einnig var rætt um að breyta nafninu á fagráðinu þannig að það verði skýrara. Í ljós kom á fundinum að margir þeirra sem vinna við fullorðinsfræðslu og/eða utan hefðbundinna menntastofnana áttuðu sig ekki á því þeir tilheyrðu Fagráði atvinnulífsins. Einnig voru umræður um hversu oft ætti að halda sameiginlega fundi og hvaða kynningar væru áhugaverðar og gagnlegar fyrir þennan hóp. Rætt var um að safna saman tölvupóstföngum félagsmanna sem tilheyrðu þessari deild til að auðvelda samskipti og skilgreina hópinn betur. Kom fram áhugi á að fulltrúi þessa hóps myndi koma inn í aðalstjórn FNS.

5. Frá siðanefnd

Samkvæmt 12. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa skal siðanefnd jafnan starfrækt í félaginu. Hlutverk hennar er að stýra umræðu um siðareglur og siðferðileg álitamál innan náms- og starfsráðgjafa. Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum, þar af einum úr stjórn félagsins. Á þessu starfsári 2011-2012 eru sex ár liðin frá því að félagið setti sér siðareglur. Í siðareglum FNS kemur eftirfarandi fram:

„Siðareglum Félags náms- og starfsráðgjafa er ætlað að efla fagvitund náms- og starfsráðgjafa og stuðla að fagmennsku í starfi með hagsmuni ráðþega í fyrirrúmi. Tilgangur þeirra er jafnframt að vera náms- og starfsráðgjöfum siðferðilegt leiðarljós í starfi, upplýsa almenning um hugsjónir og faglegar skyldur náms- og starfsráðgjafa, og vera mælikvarði á vönduð vinnubrögð innan fagstéttarinnar.“

Það getur verið framtíðarverkefni fyrir siðanefnd að yfirfara reglurnar og bæta eða breyta þeim með tilliti til nýjunga í starfi og álitaeftna sem geta komið upp, t.d. í rafrænni ráðgjöf.

6. Kjara- og hagsmunamál

Frá kjara- og hagsmunanefnd grunnskóla:

Helsta hagsmunamál sem kjaranefnd hefur komið að á árinu snýr að starfsþjálfun nema og samningum þar að lútandi. Nefndarmenn hafa setið tvo fundi vegna málsins en enn liggur ekki fyrir nein niðurstaða. Málið er í vinnslu hjá FG og stjórn Félags náms- og starfsráðgjafa. Félagið hefur mælt með því að félagsmenn taki ekki að sér nema að svo stöddu á meðan málið er óleyst. Kjaranefnd gerði lauslega könnun á því hve margir hefðu tekið nema á yfirstandandi skólaári. Svörun í könnuninni var ekki nema 35%. Enginn þeirra sem svaraði hafði tekið nema utan einn sem tók nema í kynningu og heimsókn.

Frá kjara- og hagsmunanefnd framhaldsskóla:

Fyrir hönd FNS sitja tveir náms- og starfsráðgjafar í samninganefnd FF. Verkefni þeirra er að sitja alla fundi samninganefndar sem eru að jafnaði á tveggja vikna fresti og eins að fylgja eftir þeim málum sem varða náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum sérstaklega. Kjaramál náms- og starfsráðgjafa eru breytileg milli framhaldsskóla og kemur það til vegna stofnanasamninga skólanna. Annað er varðar verkefni fulltrúa FNS er að gæta að stöðu okkar innan FF. Í ár var gerð könnun á vegum FF um líðan kennara, náms- og starfsráðgjafa og stjórnenda í framhaldsskólum og er það í þriðja sinn sem slíkt er gert. Áður var enginn kafli ætlaður náms- og starfsráðgjöfum sérstaklega í könnuninni en nú var sá kafli með og er það gleðilegt. Heildarniðurstöður könnunarinnar verða birtar síðar í vor en fyrstu niðurstöður sem kynntar voru nýlega benda til mikils andlegs álags á náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum og minni tækifæra til yfirvinnu en hjá öðrum sem þátt tóku í könnuninni.

Ný lög um framhaldsskóla gera ráð fyrir gerbreyttu starfsumhverfi í framhaldsskólum. Nú er starfandi starfshópur KÍ og hins opinbera sem á að fara yfir breytt starfsumhverfi innan skólanna. Náms- og starfsráðgjafar þurfa að standa vörð um starfið, skoða hvað atriði í nýjum lögum um framhaldsskóla hafa áhrif á okkar starfsumhverfi og koma því á framfæri við samráðshópinn.

Frá kjara- og hagsmunanefnd háskóla:

Á fundi fagráðs FNS á háskólastigi voru kjaramálin rædd m.a. um þau mismunandi stéttafélög sem náms- og starfsráðgjafar eru í á háskólastigi. Vangaveltur voru um hvernig best væri að beita þrýstingi í þeim efnum og kom m.a. sú umræða upp hvort FNS ætti að vera fullgilt stéttarfélag til að haldið væri betur utan um kjaramál og kjarabaráttu náms- og starfsráðgjafa almennt. Áhugi er fyrir því að setja af stað umræðu til að þrýsta á úrbætur í kjaramálum sem brenna á fólki nú sem endranær.

Frá kjara- og hagsmunanefnd atvinnulífsins:

Það er stutt frá því að segja að kjör náms- og starfsráðgjafa hjá Vinnumálastofnun hafa ekkert breyst frá síðasta ári. Stofnanasamningar runnu út þann 30. apríl 2008. Verið er að hefja samningaviðræður um gerð nýs stofnanasamnings en ljóst er af launasamanburði við aðrar ríkisstofnanir að stofnunin hefur dregist nokkuð aftur úr hvað launakjör varðar.

Kjara- og hagsmunamál vegna starfsþjálfunar nema frá HÍ:

Hvað varðar sameiginleg mál sem bundin eru í kjarasamningum er stærsta viðfangsefni núna starfsþjálfunarmál vegna nema á námsbraut í náms- og starfsráðgjöf við HÍ. Segja verður eins og er að þar hafa mál ekki þokast neitt í tvö ár. FF innan KÍ er stéttarfélag þeirra náms- og starfsráðgjafa sem starfa í framhaldsskólum. Í gildi eru samningar um æfingakennslu kennaranema og eins um

utanumhald með þjálfuninni. Náms- og starfsráðgjafar unnu áður á eigin vegum fyrir HÍ og sáu þá um þjálfunarmálin sjálfir. Nú vill HÍ semja við skólameistara um starfsþjálfunina og gera þá stofnanasamning við skólana. Það er út af fyrir sig í lagi en sjá verður til þess að náms- og starfsráðgjafar sem bera hitann og þungann af þjálfuninni fái greitt fyrir. Eftir að starfsþjálfun í námi nema í náms- og starfsráðgjöf var stóraukin er um að ræða 25% af heildarnámi ráðgjafarnemanna og óeðlilegt að HÍ fái þá kennslu ókeypis á kostnað framhaldsskólanna. Formaður FF hefur unnið mikið starf með stuðningi samninganefndar að þessu máli en boltinn er hjá HÍ. Mikilvægt er að félagsmenn sem hópur standi saman í þessu máli og vinni að því að finna farsæla lausn sem báðir/allir aðilar málsins geta sætt sig við.

Vefsíða FNS

Sú von stjórnar FNS að „Spjallþræðir“ á lokuðu svæði vefsíðu félagsins myndu auðvelda náms- og starfsráðgjöfum að skiptast á skoðunum virðist hafa brugðist. Í vetur var gerð könnun meðal félagsmanna um hvernig þeir vildu hafa samskiptamál sín. Í framhaldi var gamli póstlistinn fns@listar.ismennt.is endurvakinn. Tilkynningar og spjall fer þá aftur fram þar, en [FNS Tilkynningar] er enn virk leið til að senda fréttabréf og tilkynningar frá stjórn félagsins.

Félagatal og félagsaðild FNS

Meðfylgjandi er félagalistinn eins og hann stendur í dag.

Félagsmenn sem

- eru á vefsvæði www.fns.is og fá póst á fns@listar.ismennt.is eru 282
- hafa skráð sig á vefsvæðið en eru ekki með virk netföng eru 5
- hafa ekki skráð sig á vefsvæðið og fá því engan póst eru 46
- eru ekki með virk netföng, en voru áður fyrr á gamla póstlistanum eru 18
- eru búnir að segja sig úr félaginu eru 5

Samanburður við árið í fyrra:

	apríl 2011	apríl 2012
Eru skráðir á vefsvæði www.fns.is og fá póst á póstlista	260	287
Greiða félagsgjöld en eru ekki skráðir á vefsvæðið	50	
Hafa sagt sig úr félaginu		5

Fjárreiður og félagsgjöld FNS

Ársreikningur Félags náms- og starfsráðgjafa fyrir árið 2010 er byggður á bókhaldi félagsins. Sjá sérřit um ársreikning félagsins.

Styrkir til FNS

Sjá sérřit um ársreikninga félagsins.

Norrænt samstarf

Rúmlega fimm þúsund félagsmenn eru í heildarsamtökum náms- og starfsráðgjafa á Norðurlöndunum og er hlutverk fulltrúa hvers lands að gera grein fyrir störfum síns félags á liðnu ári. Það var mikið gleðiefni að vera fulltrúi Íslands og gera grein fyrir lögvernduninni, sem fundarmenn fögnuðu mjög og töldu þennan áfanga okkar veita félagsmönnum á öllum Norðurlöndunum stuðning. Noregur er með formennsku samtakanna næstu tvö árin.

Umsagnir

Beiðnir Mennta- og menningarmálaráðneytisins varðandi umsagnir:

Á þessu starfsári hefur félagið sent umsögn til Mennta- og menningarmálaráðneytisins varðandi breytingu á reglugerð um innritun með stuttri greinagerð. Einnig umsögn varðandi reglugerð um sérþarfir í framhaldsskólum.

Beiðnir alþingis um umsagnir um frumvörp til laga:

Félagið hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014. Einnig frumvarp til laga um breytingar á lögum um háskóla nr. 63/2006 (sjálfstæði og lýðræði í háskólum, réttindi fatlaðra nemenda) en það var lagt fyrir alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012. Allar umsagnir um málin birtast á vef alþingis undir fyrirsögninni innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls þegar nefndin hefur lokið umfjöllun um málið.

Önnur verkefni

Félag náms- og starfsráðgjafa hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum, málþingum og fundum sem hafa stuðlað að frekari kynningu á náms- og starfsráðgjöf og félaginu í þjóðfélaginu ásamt því að vekja athygli á málefnum náms- og starfsráðgjafa.

Námsbrautin í náms- og starfsráðgjöf efndi til fundar í HÍ 20. mars um kynjahlutfall í náminu og fór Hrönn Baldursdóttir á fundinn fyrir hönd félagsins. Á síðustu árum hefur körlum fækkað í náminu og í stéttinni og var rætt um stöðu þessara mála og ástæður. Af 50 skráðum nemendum í náminu nú er einn karl. Rætt var af hverju svona fáir karlar væru í starfinu og náminu, hvort ímynd starfsins væri kvennastarf og hvort verkefni sem eru sýnilegust væru fráhrindandi fyrir stráka. Námsbrautin ætlar að skoða kynningarmál sín og mikilvægt er að stéttin skoði ímynd sína. Brýnt er að skoða hvert starfið er að þróast og hvort of mikill tími fari í umönnunarmál og persónuleg mál á kostnað þess sem snýr að atvinnulífinu og störfum. Hampa þarf meira hvað þetta er fjölbreytt starf og hvernig hægt er að sinna því á ólíkum vettvangi.

Samstarf við Evrópumiðstöð náms- og starfsráðgjafar

Gott samstarf hefur verið á milli FNS og verkefnisstjóra Evrópumiðstöðvar náms- og starfsráðgjafar, Dóru Stefánsdóttur. Evrópumiðstöð náms- og starfsráðgjafar er upplýsingamiðlun og samstarfsvettvangur sem Evrópusambandið styrkir með það fyrir augum að miðla evrópskri vídd og undirstrika mikilvægi náms- og starfsráðgjafar, starfsþjálfunar og símenntunar í upplýsingasamfélagi nútímans. Ólafur Haraldsson, náms- og starfsráðgjafi, hefur verið fulltrúi stjórnar í Evrópumiðstöðinni.

Lokaorð

Aðalfundurinn í ár tengist 30 ára afmæli Félags náms-og starfsráðgjafa. 30 ára afmæli FNS var 16. desember síðastliðinn en þann dag árið 1981 var stofnfundur Félag íslenskra námsráðgjafa . Af ýmsum ástæðum ákváðu stjórn og fræðslunefnd FNS að fresta afmælishátíðinni og halda upp á 30 ára afmælið að loknum aðalfundi sem er haldinn í dag fimmtudaginn 26. apríl.

Starf náms-og starfsráðgjafa er fjölbreytilegt og afar áhugavert starf. Við sem berum þennan titil vinnum á mörgum ólíkum vinnustöðum. Við tilheyrum mismunandi stéttarfélögum og kjör okkar eru því ekki þau sömu. Félag náms-og starfsráðgjafa er fagfélag og hefur metnað til að gera náms- og starfsráðgjöf sýnilega í þjóðfélaginu og vilja til að styrkja stöðu félagsins. Er ekki kominn tími til að skoða þann möguleika að FNS verði fullgilt stéttarfélag sem geti haldið utan um kjaramál og kjarabaráttu náms- og starfsráðgjafa hvar sem þeir starfa? Sem sameiginlegt afl gætum við hugsanlega beitt meiri þrýstingi um úrbætur í kjaramálum.

Kí er stéttarfélag grunn-og framhaldsskóla og hefur verið í baráttu við Háskóla Íslands varðandi bætt kjör vegna aukinnar starfsþjálfunar nema frá námsbrautinni í náms-og starfsráðgjöf. Lítið hefur þokast í þeim málum til þessa en það er einlæg von mín að þessi mál leysist farsællega fyrir upphaf næsta starfsárs.

Sem formaður FNS vil ég þakka frábærum meðstjórnendum mínum og fræðslunefnd fyrir gott samstarf og fræðslunefndinni sérstaklega fyrir óeigingjarna vinnu við að skipuleggja og sjá um fræðslufundi fyrir félagsmenn FNS.

Reykjavík, 26.apríl 2012

Björg Kristjánsdóttir formaður